ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

JÚNÍ 2025

Sumarsólstöðuganga UMF Bjarma á Hálshnjúk 2025. Mynd: Jón Björn Vilhjálmsson.

JÁKVÆÐ REKSTRARNIÐURSTAÐA

BOLLALEGGINGAR GESTA PENNANS

Margrét Hólm Valsdóttir

Það eru alltaf tímamót þegar ársreikningar er samþykktir, ekki síst fyrir okkur nördana sem lifum og hrærumst í tölum. Það er einnig ánægjulegt þegar ársreikningur sýnir góða niðurstöðu líkt og reikningur Þingeyjarsveitar sýnir fyrir árið 2024. Ársreikningurinn er þó óvenju seint á ferðinni en ástæður fyrir því eru þær helstar að í lok janúar fór þjónustuaðili bókhaldskerfis sveitarfélagsins í uppfærslu kerfisins og til að gera langa sögu stutta þá gekk sú uppfærsla ákaflega brösuglega og sú vinna sem átti að taka tvær vikur, tók rúmlega þrjá mánuði. Það hafði þau áhrif að seint gekk að ljúka uppgjöri ársins en eftir blóð, svita, tár og mikið álag á starfsfólk fjármálasviðsins, lítur reikningurinn loksins dagsins ljós.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins í A og B hluta var jákvæð um sem nam 188,5 m.kr og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 159,6 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2024 með viðaukum var gert ráð fyrir 3,9 m.kr neikvæðri rekstrarniðurstöðu í A og B hluta. Niðurstaðan er því 192,4 m.kr hagstæðari en áætlað var og hagstæðari um 66,3 m.kr heldur en niðurstaða ársins 2023 sem var jákvæð um 122,2 m.kr.
Samanlagðar rekstrartekjur í A og B hluta á árinu námu 2.722,2 m.kr., en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.571 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2024 með viðaukum var gert ráð fyrir rekstrartekjum sem næmu 2.541,4 m.kr í A og B hluta. Rekstrartekjur eru því 180,8 m.kr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 7,11%.
Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður, námu samtals 2.334,7 m.kr á árinu. Þar af eru laun og launatengd gjöld 1.434,2 m.kr og annar rekstrarkostnaður er 900,5 m.kr. Fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir rekstrargjöldum sem næmu 2.307,4 m.kr. Þar af laun og launatengd gjöld 1.417,4 m.kr og önnur rekstrargjöld áætluð 890 m.kr.
Laun og launatengd gjöld ársins eru 16,8 m.kr yfir því sem áætlun gerði ráð fyrir og annar rekstrarkostnaður 10,5 m.kr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launahækkanir skv. samningum voru nokkrar á árinu og var meðalhækkun launa hjá sveitarfélaginu um 7% og hélst sú hækkun nokkuð í hendur við launavísitölu opinberra starfsmanna og starfsmanna sveitarfélaga en hún hækkaði um 6,7% á árinu 2024.
Eigið fé í árslok nam 1.321,4 m.kr fyrir A og B hluta samanborið við 1.115,2 m.kr árið áður. Eiginfjárhlutfall A og B hluta, nemur 42,1% í árslok. Sama hlutfall í lok árs 2023 var 36,8%. Veltufjárhlutfall lækkar lítillega á milli ára og er nú 0,78% en var 0,93%.
Skuldaviðmið A og B hluta, skv. reglugerð um fjármál sveitarfélaga er 50,6% í árslok en var 54,1% í árslok 2023. Skv. reglugerð skal skuldavið ekki fara yfir 150% hjá sveitarfélögum og sýnir þetta því að Þingeyjarsveit er í góðum málum hvað varðar það viðmið.
Skuldahlutfall sveitarfélagsins, A og B hluta er 66,7% í árslok 2024 en var 74,7% í árslok 2023 og fer lækkandi með lækkandi skuldum.

Í ljósi niðurstöðu ársreiknings ársins 2024 er full ástæða til bjartsýni til framtíðar. Sveitarstjórn bókaði á síðasta fundi sínum þakkir til stjórnenda og starfsmanna fyrir þeirra framlag til ábyrgs reksturs og góðrar þjónustu.

HÁTÍÐARHÖLD ÞINGEYJARSVEITAR 17. JÚNÍ

Glæsileg fjallkona
Þingeyjarsveitar 2025
Ingibjörg Eyfjörð Hólmgeirsdóttir

Þakkir til UMF. Eflingar og Kvenfélags Mývatnssveitar fyrir frábæra hátíð!

TAKK BIRNA OG KRISTRÚN Í KRÍLABÆ

Þingeyjarsveit vill færa Birnu Óskarsdóttur og Kristrúnu Kristjánsdóttur innilegar þakkir fyrir þeirra góðu störf í leikskólanum Krílabæ.

Birna Óskarsdóttir deildarstjóri hefur starfað í Krílabæ allt frá haustinu 2007 en lætur nú af störfum vegna aldurs. Hún hefur í gegnum árin sýnt einstaka fagmennsku í starfi, sinnt börnum og starfsfólki af alúð og faglegri nákvæmni. Börnin hafa notið leiðsagnar hennar í leik, list, tónlist og umhyggju sem hefur skilað sér í öruggu og jákvæðu umhverfi fyrir öll börn sem þar hafa dvalið.

Kristrún Kristjánsdóttir leikskólakennari hefur sinnt starfi sínum af kostgæfni, m.a. með fjölbreyttum og skemmtilegum íþróttastundum og útikennslu, en svæðið kringum Krílabæ býður upp á mikla möguleika í náttúruskoðun. Hún hefur verið jákvæð, lausnamiðuð og sýnt frumkvæði í starfi og hefur haft mikil áhrif á daglegt líf og vellíðan barnanna í leikskólanum. Kristrún heldur nú til annarra starfa eftir að hafa starfað hjá Þingeyjarsveit um árabil, en hún hóf störf í Litlulaugaskóla árið 2008.

Á dögunum færðu Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri og Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs þeim Birnu og Kristrúnu þakkir fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd sveitarstjórnar og íbúa Þingeyjarsveitar þökkum við Birnu og Kristrúnu þeirra mikilvægu störf í þágu yngstu íbúa sveitarfélagsins. Starf þeirra hefur haft jákvæð áhrif á uppbyggingu og gæði leikskólastarfs í Krílabæ. Við óskum þeim alls hins besta í komandi verkefnum.

Kristrún og Birna

Ásta, Kristrún, Birna og Ragnheiður

Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar lokaðar frá og með 14. júlí til og með 25. júlí.

GEOSILICA HEIMSÆKIR SKRIFSTOFUNA

Fyrirtækið GeoSilica hefur skrifað undir samstarfssamning við Landsvirkjun og mun hefja starfsemi í Þingeyjarsveit næsta haust. Samningurinn var undirritaður þann 27. maí og markar upphaf nýrrar stefnu um fjölnýtingu jarðhitaafurða á Þeistareykjum.
„Nýlega fékk ég góða heimsókn frá fulltrúum GeoSilica þar sem ég fékk tækifæri til að segja þeim frá sveitarfélaginu og þau kynntu sínar fyrirætlanir," segir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar. „Hefja á byggingu á húsnæði fyrir starfsemina í sumar og standa vonir til að það klárist í haust. Þá ætla þau að flytja alla framleiðsluna á Þeistareyki og hefja starfsemi þar á árinu."

GeoSilica, sem var stofnað árið 2012 af Fida Abu Libdeh og sérhæfir sig í framleiðslu náttúrulegra fæðubótarefna í vökvaformi til daglegrar inntöku. Fyrirtækið vinnur steinefni úr jarðhitavatni, meðal annars kísil, sem er eitt algengasta steinefni í náttúrunni og gegnir lykilhlutverki í líkamsstarfsemi mannsins. Kísill úr jarðhitavökva frá Þeistareykjastöð verður nýttur í framleiðslu GeoSilica á gæðavottuðum og vegan-vottuðum vörum.
Nýja húsnæðið sem Landsvirkjun reisir verður á svokallaðri fjölnýtingarlóð milli skiljustöðvar og aflstöðvar Landsvirkjunar, og mun GeoSilica fá beinan aðgang að auðlindastraumum frá jarðvarmavinnslunni.
Samstarf Landsvirkjunar og GeoSilica er stórt skref í átt að sjálfbærri nýtingu jarðhitaauðlinda og stuðlar að aukinni atvinnuuppbyggingu, styrkir innviði Þingeyjarsveitar og er í takt við stefnu sveitarfélagsins um græna framtíð og fjölbreytt atvinnulíf.

Sólveig Gunnarsdóttir, Ragnheiður Jóna og Fida Abu Libdeh

HÁLSMELAR – FALIN ÚTIVISTARPERLA

Þingeyjarsveit vill benda íbúum á einstakt útivistarsvæði sem margir hafa ekki enn uppgötvað, **Hálsmelana**. Árið 2022 var vígður 1,4 km langur göngustígur sem liggur um melana og býður upp á nærandi útivist í afar fallegu umhverfi.
Hálsmelarnir státa af fjölbreyttri gróðurflóru og einstakri ró og svæðið hentar jafnt fyrir stuttar sem lengri ferðir. Stígurinn er kjörinn fyrir göngur, hjólreiðar, lautarferðir – eða einfaldlega til að njóta kyrrðarinnar.
Ekið frá þjóðvegi 1 upp Vaglaskógarveg nr. 836, beygt til hægri þegar komið er upp brekkuna og aftur til hægri, þá er komið að bílastæði og upphafi göngustígsins.

Fróðleikur um Hálsmelana skrifaður af Sigurði Skúlasyni og Pétri Halldórssyni árið 2014;
„**Mikil breyting á örfáum árum**
Hálsmelar kallast melarnir norðan Vaglaskógar í Fnjóskadal á hálsinum sem skilur dalinn og Ljósavatnsskarð. Þar voru miklar andstæður örsnauðra mela og gróskumikils birkiskógarins þegar Hálsmelar voru friðaðir 1989. Árið eftir var hafin gróðursetning í melana undir merkjum landgræðsluskógaverkefnisins. Að verkinu stóð Skógræktarfélag Fnjóskdæla.
Nú hafa verið gróðursettar um 130 þúsund skógarplöntur á Hálsmelum, mest lerki. Fólk úr Fnjóskadal og nágrenni hefur unnið verkið í sjálfboðavinnu. Hin seinni ár hefur lítils háttar verið klippt af tvítoppum og unnið að annarri umhirðu. Árangurinn hefur verið mjög góður og er mikil breyting á svæðinu á örfáum árum.
Hálsmelar eru lýsandi dæmi um hve fljótt má ná góðum árangri með skógrækt á mjög snauðu landi, sérstaklega á láglendi. Nú er kominn skógur þar sem var auðnin ein fyrir aldarfjórðungi. Land sem áður gaf ekkert af sér myndar nú verðmætan skóg sem senn fer að gefa arð. Skjólið, bætta ásýnd landsins, auðugra vistkerfi, aukið fuglalíf og fleira sem jafnan fylgir skógrækt fáum við í kaupbæti.“

Við hvetjum íbúa til að líta sér nær og njóta útivistarsvæðanna í sveitarfélaginu í sumar.

MENNINGARVERÐLAUN ÞINGEYJARSVEITAR

Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar eru veitt þeim einstaklingum, hópi eða félagasamtökum, sem hafa á einhvern hátt þótt skara fram úr og lagt sitt af mörkum við að efla menningarstarf í sveitarfélaginu. Það er á höndum íþrótta-, tómstunda- og menningarnefndar að gera tillögu að því hver hlýtur viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarf með hliðsjón af tilnefningum og ábendingum.

Nefndinni bárust nokkrar tilnefningar í ár og það er ánægjulegt að segja frá því að þær bárust víða að úr sveitarfélaginu.

Þó aðeins einn hljóti verðlaunin, þá er það að mikill heiður að vera tilnefndur og það er sönnun þess að það sem viðkomandi einstaklingar eru að fást við skiptir okkur hin máli.

Íþrótta-, tómstunda og menningarnefnd var einhuga um að menningarverðlaun Þingeyjarsveitar árið 2025 hlytu Ásdís Erla Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson eigendur Sel - Hótel Mývatns.

Að auki hlutu tilnefningar:

Skákfélagið Goðinn, sem síðustu tvo áratugi hefur haldið uppi eftirtektarverðu starfi undir stjórn **Hermanns Aðalsteinssonar** í Lyngbrekku.

Anna Dagbjört Andrésdóttur á Gautlöndum fyrir að vera góð fyrirmynd og hvetja íbúa til jákvæðra samskipta m.a. með viðburðahaldi.

Söngfélagið Sálubót, sem árum saman hefur laðað að fólk til samsöngs og staðið fyrir fjölbreyttum samkomum.

Mikill fjölbreytileiki og gróska einkennir menningarlíf Þingeyjarsveitar og er nokkuð sem virðist samofið samfélaginu og órjúfanlegur hluti þess. Það er samt ekki sjálfgefið að svo sé. Menningin okkar er gullegg og í henni felast tækifæri sem við þurfum að vera meðvituð um að halda á lofti og hlúa að, því öflugt menningarlíf er stór þáttur í velsæld hvers samfélags.

Það er með sanni sagt að handhafar Menningarverðlaunanna 2025 hafi verið virkir þátttakendur í samfélaginu í gegnum árin með reglulegum samkomum og menningarviðburðum og hvatt okkur til jákvæðra samskipta. Sem dæmi má nefna skíðagönguspor, jólasveinana í Dimmuborgum, fjölskylduhlaðborð í tilefni jóla, margháttaða aðkomu að vetrarhátíð og Vordægur fyrir 60 ára og eldri. Þau hafa einnig lagt sitt að mörkum til íslenskrar bjórmenningar, en bjórinn þeirra er framleiddur undir merkinu Mývatn öl.

Ekki má láta hjá liggja að hrósa og þakka Ragga og Ásdísi fyrir það sem þau skila til baka í samfélagið, því þau eru mikilvægir bakhjarlar fyrir íþrótta,-menningar og góðgerðastarf í sveitinni.

Innilegar hamingjuóskir Ásdís og Raggi og takk fyrir okkur!

Ásdís Erla og Yngvi Ragnar

UMHVERFISVERÐLAUN ÞINGEYJARSVEITAR

Umhverfismál skipa stóran sess hjá okkur í Þingeyjarsveit, því er vel viðeigandi að veita árlega verðlaun til þeirra sem þykja hafa skarað fram úr varðandi umhverfi sitt, á einhvern hátt. Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar auglýsti eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og bárust nefndinni tilnefningar um sex aðila. Við þökkum þeim sem sendu inn tilnefningar því mikilvægt er fyrir nefndina að fá ábendingar um það sem vel er gert.

Eftirtaldir voru tilnefndir:

Einishús ferðaþjónusta á Einarsstöðum þar sem umhverfið er til fyrirmyndar, m.a. með manngerðri tjörn og gönguleiðum fyrir gesti.

Illugastaðir í Fnjóskadal en þar er mikill metnaður viðhafður í að hafa allt svæðið og umhverfi húsanna snyrtilegt og vel hirt.

Fagranes í Aðaldal fyrir fallegt og vel umhirt býli.

Hjördís Finnbogadóttir Nónbjargi fyrir þrotlaust sjálfboðastarf að náttúruvernd.

Klömbur í Aðaldal fyrir snyrtimennsku og endurgerð fyrstu steyptu heimreiðar á Íslandi, brúsapalli og hliði.

Kvíaból í Köldukinn, eitt af snyrtilegustu býlum í sveitarfélaginu.

Umhverfisnefnd var mikill vandi á höndum við valið en niðurstaða nefndarinnar var að veita ábúendum á **Kvíabóli í Köldukinn umhverfisverðlaun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2024.** Í umsögn með tilnefningunni segir: Kvíaból í Köldukinn „er eitt af snyrtilegustu bæjarstæðum í sveitarfélaginu. Allt slegið og snyrt reglulega, gengið vel um allt á hlaðinu, ekkert rusl eða neitt því um líkt fjúkandi. Tún vel græn og hugsað vel um þau. Ábúendur eru nýbyrjaðir í skógrækt í brekkum fyrir ofan bæinn og verður þetta flottur skógur eftir nokkur ár. Hugsað er vel um byggingar á jörðinni."

Gaman er frá því að segja að þau Haukur Marteinsson og Ingiríður Hauksdóttir bændur á Kvíabóli eru ekki bara snyrtimenni heldur einnig afburða góðir bændur og nýlega var Kvíaból útnefnt fyrirmyndabú nautgripabænda árið 2025.

Við óskum Kvíabólsbændum til hamingju með fyrirmyndarbúið og umhverfisverðlaun Þingeyjarsveitar.

Kvíaból

OKKUR VANTAR

AÐAL-BÓKARA

Þingeyjarsveit óskar eftir að ráða metnaðarfullan aðila í starf aðalbókara. 100% starf sem heyrir undir sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Þingeyjarsveitar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Viðkomandi þarf að vera tilbúin til að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf í skemmtilegu starfsumhverfi.

- Nánari upplýsingar HÉR

Þingeyjarsveit

REYKJAHLÍÐARSKÓLI OG LEIKSKÓLINN YLUR Í MÝVATNSSVEIT AUGLÝSA LAUSAR STÖÐUR

Reykjahlíðarskóli er samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli með tæplega 50 nemendur í grunnskóla og um 25 nemendur í leikskólanum Yl.

★ REYKJAHLÍÐARSKÓLI ÓSKAR EFTIR SKÓLALIÐA TÍMABUNDIÐ Í 50 - 75% STARF SEM FYRST

Vinnutími getur verið sveigjanlegur milli daga, innan dagvinnumarka (8-16).

Helstu verkefni og ábyrgð:

- aðstoða í matartímum nemenda
- annast gæslu og eftirlit á göngum, fataklefa og matsal
- sinna frímínútnagæslu úti og inni
- annast þrif og halda húsnæði skóla hreinu
- aðstoða við uppröðun og tilfærslu á húsgögnum
- önnur tilfallandi verkefni sem skólastjóri kann að fela starfsmanni

Við leitum að starfsfólki sem:

- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er jákvætt, lausnamiðað og vill taka þátt i samstarfi og teymisvinnu
- Hefur góða samskiptafærni og umhyggju fyrir náunganum
- Hefur áhuga á skemmtilegu og fjölbreyttu starfi

Hæfniskröfur:

Skólaliði þarf að geta hjálpað börnum í leik og starfi, leiðbeint þeim um góða umgengni auk þess að sjá um ræstingu á skólahúsnæði. Skólaliðar eru í mikilvægu hlutverki sem fyrirmyndir barna, þurfa að geta lesið í aðstæður og brugðist fljótt og vel við þegar þörf er á. Gott er einnig að geta veitt fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

★ 25 – 50% STARF RÆSTING Í LEIKSKÓLA OG AÐSTOÐ INNI Á DEILD

Leikskólinn Ylur auglýsir eftir starfsmanni í 25 – 50% starf frá og með 6. ágúst 2025. Um er að ræða aðstoð inni á deild og ræsting í leikskóla.
Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit. Í haust er gert ráð fyrir að um 26 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1 – 5 ára en börn eru tekin inn í leikskólann frá 12 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á leik og útikennslu, unnið er eftir agastefnunni jákvæðum aga.

Umsóknarfrestur fyrir báðar stöður er til 10. júlí 2025.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.
Umsóknum skal skila í tölvupósti á hjordis@reykjahlidarskoli.is eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar, 650 Laugar.

MATRÁÐUR Í STÓRUTJARNASKÓLA

80% STARF

Stórutjarnaskóli

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- hefur yfirumsjón með starfsemi í eldhúsi og annast almenn eldhússtörf
- annast matseld í samræmi við ráðleggingar landlæknis um mataræði barna í leik- og grunnskólum
- er í samstarfi við matráð Þingeyjarskóla varðandi innkaup matvæla og frágang og geymslu á þeim
- annast tilfallandi önnur störf s.s. í tengslum við fundi, aðrar samkomur og uppbrotsdaga

Hæfnikröfur

- matartækninám
- þarf að hafa góða samskiptahæfni og kappkosta að sýna nemendum og samstarfsfólki virðingu í hvívetna
- þekking/reynsla af daglegum rekstri mötuneytis
- þekking/reynsla af næringarfræði, sérfæði, gæðum og fjölbreytileika matar er nauðsynleg

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og er að innleiða teymiskennslu. Lögð er áhersla á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni.

Staðan er laus frá og með 15. ágúst 2025. Umsóknarfrestur er til 7. júlí 2025.
Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220 / 8483547 eða í gegnum netfangið birnada@storutjarnaskoli.is

Umsóknir skulu sendar á netfangið birnada@storutjarnaskoli.is Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi.

TVENNIR STYRKIR ÚR SPROTASJÓÐI Í ÞINGEYJARSVEIT

Sprotasjóður leik- grunn- og framhaldsskóla hefur úthlutað 80,8 m.kr. til 30 skólaþróunarverkefna fyrir skólaárið 2025–2026. Tvö verkefni í Þingeyjarsveit hlutu styrk að þessu sinni, annars vegar í Þingeyjarskóla og hins vegar í Reykjahlíðarskóla. Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra og Bragi Þór Svavarsson, formaður stjórnar sjóðsins, afhentu styrkina við hátíðlega athöfn í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga.

Áherslusvið sjóðsins árið 2025 voru:

- Leikurinn sem leið til náms
- Gervigreind
- Grunnþáttur menntunar - Læsi

Gluggagægir kann ýmislegt!

Verkefnið **Jólasveinasmiðjan - Sagnaarfur í Mývatnssveit** hlaut styrk upp á 1,5 milljón króna.
Verkefnið Jólasveinasmiðjan kynnir nemendur Reykjahlíðarskóla fyrir kvikmyndatækni og stafrænni frásagnalist og undirbýr þau fyrir þátttöku í raunverulegri framleiðslu sem fer fram í Mývatnssveit árið 2026. Nemendur fá fræðilega og verklega þjálfun í leiklist, kvikmyndatækni og tónlistarsköpun undir handleiðslu fagfólks. Verkefnið stuðlar að jafnræði í skapandi námi í dreifbýli, eflir tæknilæsi og styrkir notkun stafrænnar frásagnalistar í starfi skólans á komandi árum.

Verkefnið **Efling læsis á mið- og unglingastigi** í Þingeyjarskóla hlaut styrk upp á 682.000 kr.
Verkefnið miðar að því að efla læsiskennslu, m.a með því að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi.

Til hamingju með styrkina Reykjahlíðarskóli og Þingeyjarskóli!

NÝR STARFSMAÐUR

Brynja Dögg Ingólfsdóttir hefur verið ráðin skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar og mun hefja störf 1. október n.k. Brynja hefur víðtæka reynslu af skipulagsmálum og hefur unnið sem ráðgjafi hjá Landform og Eflu verkfræðistofu og s.l. 5 ár sem umhverfis- og skipulagsstjóri hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.
Brynja er með B.Sc. í umhverfisskipulagi frá Landbúnaðarháskóla Íslands og er að ljúka M.Sc í skipulagsfræði.

Við hjá Þingeyjarsveit hlökkum til að fá Brynju Dögg til starfa í haust.

LAUSAR STÖÐUR Í KRÍLABÆ

Krílabær á Laugum er önnur tveggja leikskóladeilda Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli á tveimur starfsstöðvum. Nemendur Krílabæjar eru 6 talsins. Áhersla er lögð á mikil og góð tengsl nemenda, starfsfólks og foreldra, tákn með tali og unnið er eftir stefnunni um jákvæðan aga. Leikskóladeildin býður uppá rólegt og gott vinnuumhverfi.

LEIKSKÓLAKENNARI 80%-100% STAÐA

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda.
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann.
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta.

Við leitum að fólki sem...

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum og ber virðingu fyrir þeim
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í teymisvinnu

60% STAÐA VIÐ MATSELD OG AÐSTOÐ INN Á DEILD

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Elda og bera fram hollan og góðan mat fyrir nemendur og starfsfólk Krílabæjar, u.þ.b. 10 manna hóp í samræmi við matseðil yfirmatráðs Þingeyjarskóla.
- Ganga frá eftir matartíma
- Þrífa og sótthreinsa eldhús samkvæmt gæðahandbók mötuneytis Þingeyjarskóla
- Aðstoða yfirmatráð Þingeyjarskóla við pantanir fyrir Krílabæ
- Taka á móti vörum í eldhúsi Krílabæjar
- Taka þátt í uppeldi og umönnun barnanna í Krílabæ.

Við leitum að fólki sem...

- Vinnur eftir ítrustu kröfum um hreinlæti í skólamötuneyti og um rétta meðhöndlun matvæla
- Er lausnamiðað og vill vinna í teymi
- Ber virðingu fyrir börnum
- Reynsla af störfum í mötuneyti og/eða leikskóla er kostur

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 12. ágúst.
Umsóknarfrestur er til og með **6. júlí 2025** og skulu umsóknir berast á netfangið nanna@thingskoli.is

Frekari upplýsingar um störfin veitir Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst nanna@thingskoli.is og í síma 464-3590/898-0790.

FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

JÚLÍ

8. Skipulagsnefnd

Smelltu HÉR til að lesa síðustu fundargerðir.
Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8955886

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í júlí:

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
1. og 29. júlí frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins HÉR og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!

Vegna sumarleyfa verður ekki fréttabréf í júlí.

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 2. árg. 6. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is